12. ágúst 2013

Lækkun ýmiss kostnaðar eykur arðsemi

Greinandi:
Jóhann Viðar Ívarsson
johann@ifs.is

Spá tæplega 3 ma.kr. EBITDA fyrir árið

- Félagið Fjarskipti hf. birti uppgjör 2. fjórðungs 2013 eftir lokun markaðar í dag og mun halda opinn kynningarfund í tilefni uppgjörsins á morgun, þriðjudaginn 13. ágúst kl. 8.30 í Skútuvogi 2.

- Uppgjörið var ágætt í arðsemi mælt. Felst það einkum í lækkun ýmiss kostnaðar en tekjur lækkuðu h.v. frá fyrra ári. Til hægri gefur að líta töflu með samanburði á 2F 2012 og 2013 og spá okkar fyrir fjórðunginn, auk rauntalna 1. fjórðungs.

- Vörusala félagsins dróst saman um 4,5% á milli ára á 2F en það var í samræmi við spá okkar. KSV dróst hins vegar meira saman, um 6,5%, og framlegð minnkaði því aðeins um 1,7% á milli ára.

- Tekjur af farsímaþjónustu, stærsta tekjupósti félagsins, lækkuðu á milli ára á fjórðungnum. Nemur tekjulækkunin 280 mkr. eða tæpum 10% á fyrri helmingi ársins. H.v. jukust tekjur þess af gagnaflutningum um 89 mkr. eða 7% og af sjónvarpsþjónustu um 141 mkr. eða 29% (sjá graf að neðan).

- Annar rekstarkostnaður lækkar umtalsvert frá fyrra ári og einnig nokkuð frá 1F þessa árs. Segja stjórnendur lækkunina einkum felast í minni niðurfærslu viðskiptakrafna og lægri launa-, skrifstofu-og stjórnunarkostnaði.

- Áhrifin af lækkun kostnaðar eru þau að EBIT hækkar um tæp 30% á milli ára, var 378 mkr. á móti 291 mkr. í fyrra og aðeins 175 mkr. á 1F. EBITDA fer úr 674 mkr. í fyrra í 732 mkr. nú, sem er 8,6% hækkun, 12% yfir spá og hæsta EBITDA fyrir 2F sem félagið hefur birt sl. fimm ár. Þriðjungslækkun fjármagnskostnaðar leiðir svo til þess að nettóhagnaður fer úr 86 mkr. í fyrra í 207 mkr. nú, hækkar um rúm 140% á milli ára.

- Félagið ákvað að þessu sinni að birta markaðnum ácetlun um lykiltölur rekstrar fyrir árið. Ácetlað er að EBITDA ársins 2013 verði 2,75-2,9 ma.kr og að hlutfall fjárfestinga af tekjum verði 9,5-10,5%.

- IFS mun birta uppfært virðismat í kjölfarið.

Rekstraryfirlit og spá

m.ISK	2F 2012	1F 2013	2F 2013	2F 2013S	Mism.
Vörusala	3.409	3.066	3.257	3.250	0,2%
Vöxtur (YoY)	2,8%	-10,1%	-4,5%	-4,7%	
Kostnaðarverð seldra vara	-1.942	-1.780	-1.815	-1.878	-3,4%
Vöxtur (YoY)	-2,6%	-8,3%	-6,5%	-3,3%	
Framlegð	1.467	1.286	1.442	1.371	5,1%
Vöxtur (YoY)	11,0%	-12,3%	-1,7%	-6,5%	
Aðrar rekstrartekjur	4	0	0	2	
Annar rekstrarkostnaður	-1.180	-1.111	-1.064	-1.105	-3,7%
Rekstarhagnaður eftir afskriftir	291	175	378	268	40,8%
EBIT%	8,5%	5,7%	11,6%	8,3%	
Vöxtur (YoY)	39,9%	-39,9%	29,9%	-7,7%	
Fjármunatekjur	11	15	13	14	
Fjármagnsgjöld	-192	-161	-132	-162	
Nettó fjármagnskostnaður	-181	-146	-119	-148	-1,5%
Hagnaður (tap) fyrir skatt	110	29	259	120	115,3%
Skattar	-24	-5	-52	-24	
Hagnaður	86	24	207	96	115,3%
Vöxtur (YoY)	105%	-72%	141%	12%	
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	674	539	732	655	11,7%
EBITDA %	19,8%	17,6%	22,5%	20,2%	
Vöxtur (YoY)	17,0%	-20,0%	8,6%	-2,8%	

Tekjuskipting og breyting á fyrstu 6M 2012 og 2013, mkr.



RESEARCH

Research Disclaimer

The opinions and projections included in this report are based on general information which IFS research has gathered when this report is written. Sources mainly used are annual reports, earnings' meetings and stockholders' meetings among other public information which have been published in the media and on other scenes. Information in this report is only published for informative purposes and should thus not be viewed as an offer of any kind. Opinions and projections can change without notice. Although particular care is taken that the information is correct and precise when it is put forward, IFS research or its employees cannot be held responsible for faults. IFS research and its employees are not responsible if the price of shares, in which the company recommends a buy, might go down.

IFS research, its employees, board members, or others in any manner related to IFS research, might hold interests in specific companies which the IFS research analyses discuss at each time. These interest might be as shareholders, consultants in specific companies or may refer to interests connected to other services provided.

© Copyright 2013 by IFS.
All rights reserved.

The entire contents of this document is subject to copyright with all rights reserved. All copyrightable text and graphics, the selection, arrangement and presentation of all information and the overall design of the document are the sole and exclusive property of IFS.